

komudagur 28.11.2008

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, allsherjarnefnd
vt. Elin Valdis Þorsteinsdóttir
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. nóvember 2008 02-2008111024
T-ums 32/08


Umsögn um frumvarp til laga um embætti sérstaks saksóknara - 141. mál, þskj. 156.

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um embætti sérstaks saksóknara. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sett verði á stofn embætti sérstaks saksóknara til að annast rannsókn á því hvort einhverjir hafi orðið sekir um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við hinar sérstöku aðstæður á íslenskum fjármálamarkaði. Þá kemur fram að markmiðið með frumvarpinu sé að vinna að því að efla traust almennings á fjármálakerfinu.

Ríkisskattstjóri bendir á að í frumvarpinu er ekki fjallað um hvernig skuli fara með, þegar sérstakur saksóknari kemst að því að skattalagabrot hafi verið framin. Tryggja þarf að fram geti farið endurákvörðun opinberra gjalda en eins og ákvæðum er nú háttáð kemur þetta ekki skýrlega fram. Leggur ríkisskattstjóri því til að allsherjarnefnd taki afdráttarlaust fram í nefndaráliti eða með breytingu á 5. gr. frumvarpsins þannig að skýrt komi fram að ef sérstakur saksóknari kemst að því að opinber gjöld kunni að vera vantalin, þá sé tryggt að málið fari til skattýfirvalda svo að endurákvörðun geti fari fram.

Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki ástæðu til að gera athugasemdir við ákvæði frumvarpsins.

Virðingarfyllst



Skúli Eggert Þórðarson